



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn- 22. júní 2017

Efni: Norðurbraut 26, fyrirspurn um lóðarstækkun, umsögn., 1706058

Þann 2. júní 2017 leggur Víðir Már Atlason inn fyrirspurn þar sem óskað er eftir lóðarstækkun.

Sótt er um ræmu er liggur meðfram Norðurbraut.

Íbúar við Norðurbraut 26 hyggjast helluleggja bílaplan sem er við húsið en þar sem lóðin nær ekki út að götu verður flái milli bílaplans og götu. Því er óskað eftir lóðarstækkuninni svo að ganga megi frá lóð svo snyrtilegt verði ásamt grasræmu, sem íbúar hafa hirt, meðfram kantsteini við götu.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að lóðin verði stækkuð út mót Norðurbraut þar sem stækkunin hefur ekki áhrif á götu eða fjölda bílastæða við götu.

Skoða þarf endanlega útfærslu stækkunarinnar í samræmi við aðliggjandi lóðir og mörk þeirra.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt